



Vatnsveita í Súðavík

Langeyri - vatnsból

Útboðs- og verklýsing

Tilboðsskrá

**Efnisyfirlit.**

0	ÚTBOÐS- OG SAMNINGSSKILMÁLAR	6
0.1	Yfirlit	6
0.1.1	Útboð	6
0.1.2	Lauslegt yfirlit yfir verkið	6
0.1.3	Útboðsyfirlit	6
0.1.4	Kröfur til bjóðenda	7
0.1.5	Kynningarfundur / Vettvangsskoðun	8
0.1.6	Verksamningur / –áætlun	8
0.1.7	Framkvæmdatími – verklok	8
0.2	Upplýsingar um verkkaupa og ráðgjafa	9
0.2.1	Verkkaupi	9
0.2.2	Ráðgjafar	9
0.2.3	Eftirlit verkkaupa	9
0.3	Útboðsgögn- lög -reglugerðir - staðlar	9
0.3.1	Útboðsgögn	9
0.3.2	Skýringar á útboðsgögnum	9
0.3.3	Uppdrættir og lýsingar	10
0.3.4	Lög, reglugerðir og önnur kröfuskjöl	10
0.3.5	Undirverktakar	10
0.4	Tilboð	11
0.4.1	Gerð og frágangur tilboða	11
0.4.2	Fylgigögn með tilboði	12
0.4.3	Auðkenni tilboðs	12
0.4.4	Opnun tilboða og skilafrestur	12
0.4.5	Meðferð og mat á tilboðum	13
0.4.6	Frekari upplýsingar á síðari stigum	13
0.4.7	Tilboðstrygging – Gildistími tilboðs	13
0.4.8	Val á samningsaðila	13
0.4.9	Þóknun fyrir gerð tilboðs	14
0.4.10	Réttarræði bjóðenda, fyrirvarar um óvirkni og bótaskyldu	14
0.5	Greiðslur - Verðlagsgrundvöllur	14
0.5.1	Framlag verkkaupa	14



0.5.2	Ýmis gjöld og kostnaður sem verkkaupi greiðir (eftir því sem við á).....	14
0.5.3	Efni sem verkkaupi leggur til.....	Error! Bookmark not defined.
0.5.4	Verð og verðbreytingar.....	15
0.5.5	Breytingar á verkinu (viðbótarverk – aukaverk – hagræðingatillögur).....	15
0.5.6	Tafabætur	15
0.5.7	Greiðslur og magntölur.....	15
0.5.8	Magnbreytingar	16
0.6	Ábyrgðir - Tryggingar - Ágreiningsmál	16
0.6.1	Ábyrgðir og tryggingar	17
0.6.2	Verktrygging.....	17
0.6.3	Skuldsetning - undirverktakar	17
0.6.4	Misræmi í gögnum.....	17
0.6.5	Samskipti á samningstíma	17
0.6.6	Framsál réttinda.....	18
0.6.7	Atvinnuleyfi og -réttindi.....	18
0.6.8	Ágreiningsmál	18
0.6.9	Vanefndir og uppsögn.....	18
0.7	Vinnustaður.....	18
0.7.1	Athafnasvæði og vinnuástaða	18
0.7.2	Aðkoma annarra verktaka	19
0.7.3	Húsnæði fyrir starfsmenn, teikningar og efni.....	19
0.7.4	Ljós, hiti, akstur, vélar og fleira.....	19
0.7.5	Umhirða á vinnustað	19
0.7.6	Öryggi á vinnustað	19
0.7.7	Persónuhlífar	20
0.7.8	Lagnir og strengir í jörðu.....	21
0.7.9	Hífinger	21
0.7.10	Áfengi og vímuefni	21
0.8	Frágangur og gæði verks	21
0.8.1	Verkstjórn verktaka, dagbók og verkfundir	21
0.8.2	Gæði verksins.....	22
0.8.3	Efnisval og vinnuáferðir	22
0.8.4	Málsetningar og mælingar.....	22



0.8.5	Samskipti við yfirvöld	23
0.8.6	Verklokaúttekt	23
0.8.7	Iðnmeistarar og byggingastjóri	23
0.9	Verktrygging, dæmi	24
0.10	Verksamningur, dæmi	25
0.11	Teikningaskrá	28
0.12	Tilboðsblað	30
0.12.1	Verðtilboð og fylgiskjöl.....	30
0.12.2	Yfirlýsing vegna undirverktöku.....	31
0.12.3	Tilboðsskrá	32
1	VERKLÝSING	34
1.1	Almenn atriði	34
1.1.1	Vinnusvæði og aðstaða.....	34
1.1.2	Verkgögn – gæði verks.....	34
1.1.3	Upplýsingar um landið og jarðvegskannanir	34
1.1.4	Lagnir á svæðinu	34
1.1.5	Mælingar.....	34
1.1.6	Öryggisráðstafanir	34
1.1.7	Reglugerðir og úttektir.....	35
1.1.8	Losunarstaðir / Tippir.....	35
1.2	Aðstaða, öryggisráðstafanir, merkingar o.fl.	35
1.3	Jarðvinna og lagnir.....	35
1.3.1	Almennt	35
1.3.2	Jarðvinna.....	36
1.3.3	Gröftur og fylling.....	36
1.3.4	Lagnir	37
1.3.5	Þrýstiprófun	38
1.4	Tímavinna	39
1.4.1	Tímavinna	39





0 ÚTBOÐS- OG SAMNINGSSKILMÁLAR

0.1 Yfirlit

0.1.1 Útboð

Súðavíkurbreppur hér eftir nefndir verkkaupi, óska eftir tilboðum í lagningu 250 mm vatnslagnar frá vatnsbóli í Sauradal niður á Langeyri og lagningu vatnslagna á Langeyri, annars vegar 180 mm lögn og 90 mm lögn. Verk þetta nefnist:

Vatnslögn í Súðavík, vatnsból - Langeyri

Verkið skal vinna samkvæmt útboðs- og verklýsingu þessari ásamt þeim gögnum sem þar er vísað til, svo og samkvæmt þeim reglugerðum og ákvæðum er gilda um hliðstæðar framkvæmdir og er verktaki ábyrgur fyrir því að eftir þeim sé farið.

Framkvæmdastjórn og umsjón: Súðavíkurbreppur

Helstu magntölur eru:

Gröftur í skurðstæði	2320 m
Vatnsveitulagnir 250 mm	1520 m
Vatnsveitulagnir 180 mm	720 m
Vatnsveitulagnir 90 mm	810 m

0.1.2 Lauslegt yfirlit yfir verkið

Verk þetta skal vinna skv. teikningum og verklýsingu.

Um er að ræða gröft og lagningu 250 mm vatnslagnar á um 1520 m löngum kafla, frá vatnsbóli niður að Langeyri. Frá Langeyrarvegi inn landfyllingu skal leggja 180 mm vatnslögn sem tengist við 250 mm vatnslögnina. Vatnslögnin tengist m.a. við kalkþörungaverksmiðjuna og tengihús hafnarinnar á Langeyri. Þá skal leggja 90 mm vatnslögn frá Langeyrarvegi samhliða 180 mm lögninni inn í sömu hús. Þessi lögn tengist núverandi veitukerfi á Langeyri. Í verkinu fellst gröftur, söndun og lagning vatnslagna.

0.1.3 Útboðsyfirlit

Útboðsform	Verðkönnun	
Kynningarfundur	Ekki haldinn	sjá gr. 0.1.5
Umsjónaraðili útboðs	Jóhann Birkir Helgason Netfang: jbh@verkis.is	
Fyrirspurnartíma lýkur	27. apríl 2026	sjá gr. 0.3.2
Svarfrestur rennur út	28. apríl 2026	sjá gr. 0.3.2
Opnunartími tilboða	30. apríl 2026 kl. 11:00	sjá gr. 0.4.5
Opunarstaður tilboða	Skrifstofa Verkis	sjá gr. 0.4.4



Stjórnsýsluhúsinu, 3. hæð

Gildistími tilboðs	6 vikur frá opnun	sjá gr. 0.4.8
Frávikstilboð	Ekki heimiluð	sjá gr. 0.4.1
Upphaf verks	Við töku tilboðs.	sjá gr. 0.1.7
Lokaskil verks	30. september 2026	sjá gr. 0.1.7
Verðlagsgrundvöllur	Ekki verðbætt	sjá gr. 0.5.2
Verktrygging	10% af samningsupphæð	sjá gr. 0.6.2
Tafabætur	50.000 kr./dag	sjá gr. 0.5.4

0.1.4 Kröfur til bjóðenda**Viðskiptasaga**

Verkkaupi áskilur sér rétt til að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda. Leiði sú könnun í ljós að fyrirtæki þeirra hafi orðið gjaldþrota eða komist í sambærilega aðstöðu síðastliðin fimm ár, verður bjóðandi vísað frá, enda eigi í hlut sama rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmenni eða tengdafólk fyrri eigenda) í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með aðra kennitölu.

Ástæður til útilokunar vegna persónulegra aðstæðna bjóðanda.

Bjóðandi sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir eftirtalin afbrot skal útilokaður frá þátttöku í innkaupaferli:

- þátttöku í skipulögðum glæpasamtökum,
- spillingu,
- sviksemi,
- hryðjuverk eða brot sem tengjast hryðjuverkastarfsemi,
- peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka,
- barnaþrælkun eða annars konar mansal.

Skylda til að útiloka bjóðanda gildir einnig þegar einstaklingur, sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir brot skv. 1. mgr., er í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn viðkomandi fyrirtækis eða hefur heimild til fyrirsvars, ákvörðunartöku eða yfirlýsingar á því.

Bjóðandi skal útilokaður frá þátttöku í innkaupaferli hafi hann brotið gegn skyldum um greiðslu opinberra gjalda, lífeyrissjóðs gjalda eða annarra lögákveðinna gjalda og því hefur verið endanlega slegið föstu með ákvörðun dómstóls eða stjórnvalds þar sem bjóðandi er skráður eða í aðildarríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Verkkaupi áskilur sér rétt til að útiloka fyrirtæki frá þátttöku í útboðinu við einhverjar af eftirfarandi aðstæðum:

- Fyrirtæki hefur brotið gegn innlendum eða alþjóðlegum kröfum á sviði umhverfis-, félagsmála- og vinnuréttar sem kaupanda er unnt að sýna fram á.
- Bú fyrirtækis er undir gjaldþrotaskiptum eða félagi hefur verið slitið, það hefur fengið heimild til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
- Óskað hefur verið gjaldþrotaskipta eða slita á fyrirtæki, það hefur leitað heimildar til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.



- d. Fyrirtæki hefur sýnt alvarlega vanrækslu í starfi sem kaupanda er unnt að sýna fram á.
- e. Fyrirtæki hefur veitt rangar upplýsingar, leynt upplýsingum eða getur ekki lagt fram viðhlítandi fylgiskjöl sem krafist er, sbr. 73. gr. laga um opinber innkaup, sem nauðsynlegar eru til að sannreyna að ekki séu til staðar útilokunarástæður eða að hæfisforsendur séu uppfylltar.

Nánar er kveðið á um útilokunarástæður og mat á þeim í 68. gr. í lögum 120/2016

Í 74. gr. laga um opinber innkaup er tilgreint hvaða gögn teljast nægilegar sannanir fyrir því að framangreindar útilokunarástæður eigi ekki við og skal bjóðandi útvega þau sé þess óskað. Bjóðandi skal staðfesta að hann standist kröfur um persónulegt hæfi, sjá tilboðsblað.

0.1.5 Kynningarfundur / Vettvangsskoðun

Enginn kynningarfundur né vettvangsskoðun fer fram að undirlagi verkkaupa. Bjóðendum er bent á að kynna sér aðstæður á verkstað.

0.1.6 Verksamningur / –áætlun

Við töku tilboðs er komin á bindandi samningur milli aðila og í framhaldinu skal gengið frá skriflegum verksamningi.

Varðandi samningstíma sjá grein „0.1.3 Útboðsyfirlit“.

Verktaki skal gera verkáætlun skipt í helstu verkþætti þar sem þeim er raðað í tímaröð og sett upp á ‚Gant‘ formi þar sem bundin leið (Critical Path) verksins kemur fram. Verkáætlun verktaka skal liggja fyrir við gerð verksamnings aðila og verður fylgiskjal hans.

Verktaki skal jafnan gera sitt ýtrasta til þess að fylgja verkáætluninni og tilkynna jafnóðum ef út af bregður og af hvaða orsökum. Gangi verkið ekki nógu vel fram, miðað við samþykktu verkáætlun, er verktaka skylt að fjölga starfsmönnum og tækjum eða grípa til annarra nauðsynlegra ráðstafana, svo að áfangar verði tilbúnir á fyrirfram ákveðnum tíma.

Seinkun á framkvæmd einstakra verkþátta vegna aukaverka, viðbótarverka, magnaukninga eða afhendingar verkkaupa á efni eða þjónustu getur því aðeins leitt til framlengingar á skilafíma verks samkvæmt verkáætlun að viðkomandi verkþáttur sé á bundinni leið (Critical Path) verksins.

Samþykki á nýrri verkáætlun, sem fer fram yfir umsaminn skiladag, þýðir ekki að verkkaupi falli frá rétti sínum til tafabóta, samanber grein 0.5.4 „Tafarbætur“.

0.1.7 Framkvæmdatími – verklok

Framkvæmdatími hefst þegar verkkaupi hefur tekið tilboði verktaka.

Framkvæmdum skal vera að fullu lokið eigi síðar en getið er í kafla „0.1.3 Útboðsyfirlit“.

Verkinu telst ekki lokið af hálfu verktaka fyrr en hann hefur staðið að fullu við skuldbindingar sínar samkvæmt útboðsgögnum. Þá skal aðstaða verktaka hafa verið fjarlægð og vinnusvæðið hreinsað að fullu.

Vísað er í kafla 0.5.4 varðandi ákvæði um tafabætur ef verktaki skilar eigi verkinu innan tilskilins tíma.



0.2 UPPLÝSINGAR UM VERKKAUPA OG RÁÐGJAFAR

0.2.1 Verkkaupi

Súðavíkurbreppur
Grundarstræti 3, Súðavík
Sími 450 5900
Netfang: jbh@verkis.is

0.2.2 Ráðgjafar

Hönnun: Verkís,
Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði
Sími 422-8000

0.2.3 Eftirlit verkkaupa

Verkkaupi mun skipa fulltrúa til að annast samskipti við verktaka á samningstímanum. Hlutverk hans verður að hafa eftirlit með því, fyrir hönd verkkaupa, að verkefnið sé framkvæmt samkvæmt ákvæðum samnings.

Ef verktaki er í vafa um einstök atriði framkvæmdarinnar, hvort sem um er að ræða efnisval, útfærslur eða túlkun samningsgagna, skal hann tafarlaust leita úrskurðar eftirlitsaðilans.

0.3 Útboðsgögn- lög -reglugerðir - staðlar

0.3.1 Útboðsgögn

Til útboðsgagna þessa verks teljast:

- a) Útboðs- og samningsskilmálar (kafli 0) með tilboðsblaði
- b) Verklýsing
- c) Tilboðsskrá (tilboðsskrá og safnblað)
- d) Teikningar samkvæmt teikningaskrá.
- e) Aðrir íslenskir staðlar, lög, reglugerðir og samþykktir er gilda um framkvæmdir sem þessar, eða sem er sérstaklega vísað til.
- f) Aðrir staðlar og gögn sem vísað er til í verklýsingum eða á teikningum
- g) Reglur um vinnustaðamerkingar 5. útgáfa 15.03.2011.

Að auki gildir staðall ÍST 30:2012 „Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir“ að því marki sem við á og hann stangist ekki á við gögn verksins sem gilda þá umfram staðalinn.

0.3.2 Skýringar á útboðsgögnum



Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum eða hann verður var við ósamræmi í þeim, sem geta haft áhrif á tilboðsinnihald og tilboðsfjárhæð, skal hann senda skriflega fyrirspurn með tölvupósti á netfangið jbh@verkis.is og afrit á umsjónaraðila útboðs, sbr. grein „0.1.3 Útboðsyfirlit“, áður en tilgreindur fyrirspurnarfrestur í sama kafla rennur út.

Fyrirspurn skal merkt:

Vatnslögn í Súðavík, vatnsból og Langeyri

Fyrirspurnir sem berast síðar en tilgreindur frestur verða ekki teknar til greina. Svarbréf verður sent innan frests sem tilgreindur er í grein „0.1.3 Útboðsyfirlit“ með tölvupósti til allra sem hafa sótt og skráð sig fyrir útboðsgögnum.

Hafi bjóðendur fyrirspurnir eru þeir hvattir til þess að senda þær eins snemma á tilboðstímanum og tæk eru á. Þeim verður svarað eins fljótt og kostur er en ekki beðið eftir því að svarfrestur renni út.

0.3.3 Uppdrættir og lýsingar

Verktaki skal á sinn kostnað fjölfalda eða prenta út þau gögn sem fulltrúar verkkaupa afhenda honum eða sem hann telur þurfa við framkvæmd verksins. Verktaki ber ábyrgð á að undirverktakar hans og aðrir samstarfsaðilar kynni sér öll samningsgögn.

Þau gögn sem verktaki fær aðgang að á tilboðsstigi verða hluti samnings milli verktaka og verkkaupa, en þar eru uppdættir, útboðs- og samningsskilmálar, verklýsingar, tilboðsskrá og fylgiskjöl.

Útgefin gögn verksins verða aðgengileg á rafrænu formi á verkefnavef í umsjá verkkaupa

Verkkaupi afhendir fyrstu útgáfu verklýsingar og verkeikninga í prenti í samráði við verktaka. Síðan mun verkkaupi afhenda gögn rafrænt, og verktaki sjá um útprentun. Í tilboði bjóðanda skal vera innifalið, innan eðlilegra marka, endurgjald fyrir útprentun, móttöku, meðhöndlun og rýni nýrra og breyttra uppdættu og lýsinga.

0.3.4 Lög, reglugerðir og önnur kröfuskjöl

Verktaki er ábyrgur fyrir að verkið sé unnið í samræmi við ákvæði gildandi laga, reglugerða, staðla og annarra leiðbeininga sem eiga við um þessa framkvæmd.

Um verkið gilda öll almenn lög og reglugerðir án þess að til þeirra sé vísað sérstaklega í gögnum þess. Að auki gilda sértækar reglur í því umfangi sem gögn verksins vísa til.

Bjóðendur skulu sjálfir útvega sér þau lög, reglugerðir og önnur kröfuskjöl sem við eiga hverju sinni.

0.3.5 Undirverktakar

Ákvæði um undirverktaka eru í kafla 3.2 í ÍST 30 og í 88. grein laga nr. 120/2016. Einnig eru ákvæði í 89. grein sömu laga að því er varðar bann við gerviverktöku.

Ef við á skal bjóðandi upplýsa hvaða hluta samnings hann hyggst láta þriðja aðila framkvæma sem undirverktaka og skulu þær upplýsingar liggja fyrir áður en samningur er undirritaður. Bjóðandi skal jafnframt upplýsa verkkaupa um hvaða undirverktaka hann hyggst nota og leita samþykkis verkkaupa áður en undirverktaki hefur störf.



Ef verktaki felur undirverktaka að taka að sér einstaka þætti breytast í engu skyldur verktaka gagnvart verkkaupa. Undirverktaka skal í öllum tilvikum byggjast á skriflegum verksamningi verktaka og undirverktaka.

Yfirlýsing sem verktaki þarf að undirgangast vegna undirverktöku:

Bjóðandi mun tryggja að allir starfsmenn sem koma munu að verkinu, hvort sem er sem starfsmenn bjóðanda eða undirverktaka, fái laun og starfskjör í samræmi við gildandi kjarasamninga hverju sinni og aðstæður þeirra séu í samræmi við löggjöf á sviði vinnuverndar.

Hvenær sem er á samningstíma mun bjóðandi geta sýnt verkkaupa fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart þessum starfsmönnum séu uppfyllt. Bjóðandi samþykkir að ef hann getur ekki framvísað gögnum eða sýnt eftirlitsmanni verksins fram á að samningsskyldur séu uppfylltar innan 5 daga frá því ósk um slíkt er borin fram af verkkaupa, getur verkkaupi rift verksamningi án frekari fyrirvara eða ákveðið að beita dagsektum sem nemur 0,1% af samningsupphæð fyrir hvern dag sem umbeðnar upplýsingar skortir.

Beiting þessara vanefndaúrræða hefur ekki áhrif á gildi verktryggingar.

0.4 Tilboð

0.4.1 Gerð og frágangur tilboða

A. Aðaltilboð

Tilboð skal gera í allt verkið eins og því er lýst í útboðsgögnum.

Bjóðendur skulu fylla út alla liði tilboðsskrár, sem er hluti af útboðsgögnum þessum. Litið er á óútfyllta liði tilboðsskrár sem ákvörðun bjóðanda um að innifela kostnað við þá í öðrum liðum.

Bjóðendur skili inn tilboðsblaði studdu útfylltri tilboðsskrá sem fylgi á pappír. Tilboðsblað skal vera dagsett og undirritað af bjóðanda og bjóðandi skal einnig rita fangamark sitt á öll blöð tilboðsskrárinnar. Einingarverð skulu vera í heilum krónum. Ef bjóðendur verða varir við misræmi í gögnum ber þeim að tilkynna það verkkaupa.

Í verklýsingu er í hverjum greiðslulið gerð grein fyrir hvað hann innifelur. Allar magntölur eru reiknaðar eftir málum á teikningum þar sem það á við nema þar sem sérstaklega er tekið fram að reiknað sé eftir öðrum forsendum. Telji bjóðandi t.d. efnisþörf vegna verkliðar vera meiri en fram kemur við að beita áður nefndum reglum (t.d. vegna rýrnunar við niðurskurð) skal hann innreikna kostnað við það inn í einingarverð viðkomandi verkliða.

Í hverjum einstökum lið skal einnig vera innifalinn allur kostnaður verktaka af viðkomandi verklið, svo sem allt efni, vinna, vélar og tæki, ljós og orka, flutningur manna og tækja, yfirstjórn verktaka, lögboðnar tryggingar, opinber gjöld, ágóði, förgun sorps og efnisleifa o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

Tilboðsfjárhæð hvers greiðsluliðar er margfeldi magntölu og viðeigandi einingarverðs. Heildartilboðsupphæð er samanlögð upphæð allra greiðsluliða.

Með útboðsgögnum þessum fylgir Excel skrá, sem inniheldur tilboðsskrá. Skrá þessi er ætluð til hagræðis fyrir bjóðendur við tilboðsgerðina. Verkkaupi ábyrgist ekki áreiðanleika skrárinnar og er bjóðendum bent á að bera innihald Excel skrárinnar og tilboðsskrá í útboðsgögnum rækilega saman. Tilboðsskrá í útboðsgögnum gildir sé um misræmi að ræða. Bjóðandi skal ganga úr skugga um að tilboð hans sé rétt.



Inn í heildartilboð skal reikna virðisaukaskatt samkvæmt reglum sem um hann gilda á hverjum tíma. Öll einingarverð í tilboðsskrá skulu vera með virðisaukaskatti.

B. Aukaverk

Komi til auka- eða viðbótarverka á framkvæmdatímanum fer verkkaupi fram á að bjóðendur geri tilboð í áætlaðan fjölda útseldra tíma, tækja og mannafla sem gildi ef um aukaverk verður að ræða. Áætluð aukaverk skv. þessu reiknast sem hluti tilboðsfjárhæðar.

C. Frávikstilboð

Ekki er heimilt með frávikstilboði að gera tilboð í aðra tilhögun verksins en þá sem lýst er í útboðsgögnunum.

0.4.2 Fylgigögn með tilboði

Bjóðendur skulu skila inn undirrituðu tilboðsblaði og útfylltri tilboðsskrá með samantektarblaði á pappírformi, sjá kafla „0.4.1 Gerð og frágangur tilboðs“.

Áður en verksamningur er undirritaður skal bjóðandi afhenda eftirfarandi gögn sé þess óskað.

Almennar upplýsingar um fyrirtækið og starfsemi þess:

- Nafn, heimilisfang, kennitala og stofndagur.
- Nöfn eigenda og stjórnarmanna.
- Fjöldi starfsmanna og nöfn, menntun og reynsla lykilstarfsmanna.
- Staðfestingu frá viðkomandi yfirvöldum um að bjóðandi sé í skilum með opinber gjöld.
- Staðfestingu frá lífeyrissjóði / lífeyrissjóðum um að bjóðandi sé í skilum með eigin lífeyrissjóðsiðgjöld og/eða lífeyrissjóðsiðgjöld vegna starfsmanna.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að kalla eftir öðrum upplýsingum sem málið varðar.

0.4.3 Auðkenni tilboðs

Tilboðum skal skilað í lokuðu umslagi, þannig merktu.

Vatnslögn í Súðavík, vatnsból - Langeyri

Tilboð

Bjóðandi: **Nafn bjóðanda**
Heimilisfang
Póstnúmer og staður

Vakin er sérstök athygli bjóðenda á að ef þeir merkja ekki umslög sem innihalda tilboð með nafni bjóðanda, eiga þeir á hættu að tilboðum þeirra verði vísað frá.

0.4.4 Opnun tilboða og skilafrestur

Tilboð skulu hafa borist til skrifstofu Verkís, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði, eigi síðar en á þeim tíma sem getið er um í kafla “0.1.3 Útboðsform – Útboðsyfirlit” og verða þau opnuð þar í samræmi við kafla 2.5 í ÍST 30.



Geti bjóðandi ekki komið útfylltum útboðsgögnum á opunarstað til opunar, er þá heimilt að senda tilboðsblað þar sem fram kemur heildarfjárhæð tilboðs með símbréfi á opunarstað og skal það hafa borist áður en skilafrestur er runninn út, en bjóðandi skal þá jafnframt hafa póstlagt með ábyrgðarpóstsendingu, a.m.k. degi áður en opnun tilboða fer fram, gögn sem fylgja eiga tilboðinu og skal staðfesting þess efnis fylgja með símbréfinu sbr. 7. grein laga nr. 65/1993, "Lög um framkvæmd útboða". Séu tilboð send með pósti eða myndsendi er bjóðandi ábyrgur fyrir því að þau komist í réttar hendur fyrir opnun tilboða.

0.4.5 Meðferð og mat á tilboðum

Ef margföldunar- og/eða samlagningarskekkjur finnast í tilboðsskrá skal gera viðeigandi leiðréttingar á niðurstöðutölum tilboðs en einingarverð er bindandi fyrir bjóðendur. Einingarverð er einnig bindandi innan eðlilegra marka gagnvart þeim magnaukningum og aukaverkum sem verktaki kann að verða beðinn um að framkvæma.

Við yfirferð tilboða er einingarverð bjóðenda sett inn í tilboðsskrá útboðsgagna. Hafi bjóðandi breytt magni, fellt niður línur eða bætt línum við tilboðsskrána kemur það ekki fram við yfirferð, enda er slíkt óheimilt. Verkkaupi áskilur sér engu að síður rétt til að líta á slík tilboð sem gild, enda gildi þá ákvæði greinar 0.4.1 um að útfylltir liðir teljist innifaldir í öðrum liðum.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að láta minni háttar vöntun eða formannmarka á fylgigögnum með tilboði ekki hafa áhrif á gildi tilboða, enda hafi vöntunin eða annmarkinn að mati verkkaupa ekki áhrif á tölulega niðurstöðu tilboðs, jafnræði bjóðenda sé ekki raskað og ógildi tilboðs fæli í sér strangari ákvörðun en nauðsynlegt væri vegna eðlis og umfangs annmarkans.

Verkkaupi mun hafna öllum tilboðum yfir kostnaðaráætlun en áskilur sér rétt til að taka lægsta gilda tilboði takist honum að útvega það fjármagn sem upp á vantar. Við meðferð og mat á tilboðum metur verkkaupi hvort bjóðandi uppfyllir þær kröfur sem settar eru fram í kafla 0.1.3. og 0.4.2.

0.4.6 Frekari upplýsingar á síðari stigum

Þegar mat á gildi tilboða liggur fyrir, áskilur verkkaupi sér rétt til að óska eftirfarandi upplýsinga frá þeim aðilum sem skiluðu inn gildum tilboðum:

- Endurskoðuðum og árituðum ársreikningum síðustu þriggja ára.
- Yfirlýsingu frá aðalviðskiptabanka um skilvísi í viðskiptum.
- Aðrar upplýsingar sem málið varða að mati verkkaupa.

Farið verður með allar framlagðar upplýsingar í samræmi við ákvæði upplýsingalaga.

Tilboðum aðila sem eru í vanskilum með opinber gjöld og lögboðin iðgjöld í lífeyrissjóði teljast ekki gild og verður vísað frá sbr. kafla „0.1.4 Kröfur til bjóðenda“.

0.4.7 Tilboðstrygging – Gildistími tilboðs

Gildistími tilboða eru 6 vikur. Með undirritun á framlögðu tilboði sínu skuldbindur bjóðandi sig til að standa við tilboðið í 6 vikur frá opnun tilboða.

0.4.8 Val á samningsaðila

Verkkaupi mun taka hagstæðasta tilboði, eða hafna öllum. Hagstæðasta tilboðið er það tilboð sem er lægst að fjárhæð. Til að koma til álita við mat tilboðs skal bjóðandi uppfylla allar kröfur sbr. það sem fram kemur í kafla „0.1.4 Kröfur til bjóðenda“.



Sé það mat verkkaupa að verktaki sé ekki fær um að uppfylla samningsskyldur með hliðsjón af gögnum útboðs skal hann gera grein fyrir því með skýrum rökstuðningi.

- Geta til að leysa verkefnið af hólmi með vísan til reynslu stjórnenda og tækjakosts verktaka.
- Reynsla af sambærilegum verkum.
- Verð sbr. tilboðsblað.

Þeir bjóðendur sem þess óska geta fengið tilboð sín ásamt fylgigögnum endursend þegar niðurstaða útboðs liggur fyrir. Óski bjóðandi ekki eftir að fá gögn sín endursend innan þriggja mánaða frá því að niðurstaða útboðs liggur fyrir, áskilur verkkaupi sér rétt til að farga þeim.

0.4.9 Þóknun fyrir gerð tilboðs

Verkkaupi greiðir ekki fyrir gerð tilboðs.

0.4.10 Réttarúrræði bjóðenda, fyrirvarar um óvirkni og bótaskyldu

Í XI. kafla laga nr. 120/2016 um opinber innkaup er fjallað um kæruleið og kærunefnd útboðsmála. Þar kemur m.a. fram í 1. mgr. 106 gr.: „Kæra skal borin skriflega undir kærunefnd útboðsmála innan 20 daga frá því að kærandi vissi um eða mátti vita um þá ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum. Kröfu um óvirkni samnings er þó heimilt að bera undir nefndina innan 30 daga frá framangreindu tímamarki. Þó verður krafa um óvirkni samnings ekki höfð uppi þegar sex mánuðir eru liðnir frá gerð hans. Við nánari ákvörðun frestsins gildir eftirfarandi:

1. Þegar kærð er ákvörðun um val tilboðs eða aðrar ákvarðanir skv. 1. og 2. mgr. 85. gr. skal miða upphaf frests við birtingu þeirra tilkynninga sem þar greinir, enda hafi þær að geyma tilskildar upplýsingar.
2. Þegar höfð er uppi krafa um óvirkni samnings sem gerður hefur verið án undanfarandi útboðsauglýsingar skal miða upphaf frests við eftirfarandi birtingu tilkynningar um gerð samningsins í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, enda komi þar fram rökstuðningur ákvörðunar kaupanda um að auglýsa ekki innkaup.

Í kæru skulu koma fram upplýsingar um kæranda, þann aðila sem kæra beinist að (varnaraðila) og ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem er kærð. Í kæru skulu koma fram kröfur kæranda ásamt stuttri lýsingu málsatvika og málsástæðna og rökstuðningur. Kröfugerð kæranda skal lúta að úrræðum nefndarinnar samkvæmt lögum þessum. Kærandi skal tilkynna kaupanda um kæru eins skjótt og mögulegt er.“

Bjóðandi er hvattur til að kynna sér frekar úrræði laga nr. 120/2016.

Kaupandi sem stendur að útboðinu telur að framkvæmd þess sé lögmæt en komist kærunefnd útboðsmála eða dómstólar að annarri niðurstöðu skulu bótakröfur takmarkaðar við vangildisbætur þannig að verkkaupi sé einungis skylt að greiða bætur sem nemi kostnaði við að undirbúa tilboð og taka þátt í útboði. Gengur bjóðandi að þeim skilmálum um leið og tilboð hans er samþykkt.

0.5 Greiðslur - Verðlagsgrundvöllur

0.5.1 Framlag verkkaupa

- Brunahanar
- Rennilokar og spindlar

0.5.2 Ýmis gjöld og kostnaður sem verkkaupi greiðir (eftir því sem við á)

1. Uppdrættir og útboðsgögn
2. Eftirlit verkkaupa



0.5.3 Verð og verðbreytingar

Tilboð skulu innihalda allan kostnað og gjöld sem hljóttast af framkvæmd verksins, hverju nafni sem þau nefnast. Samningsfjárhæðir eru með virðisaukaskatti.

Tilboð skal miða við föst einingaverð eða heildarverð. Engar verðbætur eru greiddar á samningstímanum.

Ef margföldunar- og/eða samlagningarskekkjur finnast í tilboðsskrá skal gera viðeigandi leiðréttingar á niðurstöðutölum tilboðs en einingarverð er bindandi fyrir bjóðendum. Einingarverð er einnig bindandi innan eðlilegra marka gagnvart þeim magnaukningum og aukaverkum sem verktaki kann að verða beðinn um að framkvæma.

0.5.4 Breytingar á verkinu (viðbótarverk – aukaverk – hagræðingatillögur)

Komi til viðbótar- eða aukaverka skal fylgja ákvæðum ÍST 30, greinar 3.6. Verði samkomulag um að verktaki vinni aukaverk eða viðbótarverk í tímavinnu skal nota taxta sem verktaki býður í tilboði sínu.

Verktaki má engin aukaverk eða viðbótarverk vinna nema samkvæmt skýlausum fyrirmælum verkkaupa. Allar yfirlýsingar um breytingar skulu vera skriflegar, svo og kröfugerð og samningar.

Framkvæmd aukaverka eða viðbótarverka getur því aðeins leitt til framlengingar á skilafátíma verks samkvæmt verkáætlun að sýnt sé að viðkomandi auka- eða viðbótarverk séu á bundinni leið (Critical Path) verksins.

Álag verktaka fyrir umsjón með aðkeyptu efni og þjónustu, sem verktaki hefur milligöngu um að láta vinna eða kaupa fyrir verkkaupa, vegna viðbótar- eða aukaverka, skal vera 10%. Er það álag fyrir efniskaup, móttöku, meðhöndlun, geymslu, stjórnun, ágóða o.s.frv. Álag greiðist ekki á það tímagjald sem verktaki býður í tilboði sínu skv. lið B í kafla 0.4.1.

Verkkaupi vekur sérstaka athygli á grein 3.6.3 í ÍST 30:2012 og hvetur verktaka til að gera tillögur að breytti hönnun leiði hún til lækkunar kostnaðar og styttingar verktíma án þess að gæðum verksins sé raskað.

0.5.5 Tafabætur

Verktaki skal ljúka öllu verki sínu á tilskildum tíma samkvæmt grein "0.1.7 Framkvæmdatími". Dragist verklok fram yfir umsaminn skiladag skal verktaki greiða verkkaupa ákveðna fjárhæð í tafabætur fyrir hvern almanaksdag sem það dregst að verkinu sé að fullu lokið og lokaúttekt geti farið fram. Fjárhæð tafabóta kemur fram í kafla "0.1.3 Útboðsyfirlit".

Ef um er að ræða áfangaskipt verk gilda tafabótaákvæðin um skiladagsetningu hvers áfanga.

Telji verktaki sig eiga rétt á framlengingu skilafrests þá skal hann strax skýra frá því og um leið leggja fram nauðsynleg gögn er sanni réttmæti framlengingarinnar, sbr. grein 5.2 í ÍST 30.

0.5.6 Greiðslur og magntölur

Allar mælingar til uppgjors skulu framkvæmdar af fulltrúum frá verkkaupa og verktaka í sameiningu. Verktaki skal tilkynna eftirlitsmanni verkkaupa með nægum fyrirvara hvenær óskað sé mælingar. Flestar tölur í magnskrá eru áætlaðar og geta því breyst. Greitt verður fyrir uppmælt magn samkvæmt graftar- og fyllingarlínunum á kennisniðum, eins og þau eru sýnd á teikningum.

Með rúmmáli er alltaf átt við rúmmál á föstu eða þjöppuðu efni nema annað sé tekið fram.



Lengdir lagna eru ávallt láréttar lengdir.

Verktakinn skal gera reikninga á Súðavíkurbrepp fyrir samningsverkið. Sama skilagrein gildir fyrir alla reikningana. Reikningar og skilagrein ásamt fylgiskjöllum skulu þeir lagðir inn hjá umsýðarmanni verkkaupa annan hvern þriðjudag. Samþykktir reikningar verða síðan greiddir eigi síðar en annan þriðjudag þaðan í frá. Reikning skal gera samkvæmt tilboðsskrá.

Reikninga skal stíla á:

Súðavíkurbreppur, kt. 630269-4589

Hafnarstræti 1,

400 Ísafirði

Við gerð reikninga skal meta hversu miklu er lokið af hverjum greiðslulið tilboðs, við hverja reikningsútskrift. Með hverjum reikningi skal verktaki skila yfirliti yfir greiðslustöðu hvers greiðsluliðar í tilboðsskrá og heildargreiðslustöðu samnings. Áður en reikningur er gerður skal haft samband við umsýðarmann verksins um mat greiðsluhlutfalls til að fyrirbyggja að leiðréttingar tefji reikninga. Leiðrétting á reikningi getur þýtt minnst vikutöf á greiðslu til verktaka.

Greiðsla á framvindureikningi innifelur ekki í sér endanlega samþykkt á reikningsupphæð.

Verkkaupi mun ekki samþykkja neina greiðslu til verktaka fyrr en hann hefur afhent verktryggingu.

Ef verktaki hefur ekki skrifað undir verksamning er heimilt að neita greiðslu reiknings þangað til verksamningur hefur verið undirritaður af honum.

0.5.7 Magnbreytingar

Verktaki skal tilkynna eftirlitsaðila verkkaupa um magnbreytingar sem verða í einstökum verkþáttum jafnskjótt og hann verður aukningarinna var. Nemi magnaukning meira en 25% af umsömdu magni skal verktaki ekki vinna frekar við viðkomandi verkþátt uns eftirlitsaðili hefur heimilað að vinnan verði innt af hendi með óbreyttu móti.

Magnaukning í verkþætti getur því aðeins leitt til framlengingar á skilátíma verks samkvæmt verkáætlun að sýnt sé að verkþátturinn sé á bundinni leið (Critical Path) verksins, eins og fram kemur í kafla "0.1.6 Verksamningur – Verkáætlun".

Magntölur í tilboðsskrá eru áætlaðar og geta breyst. Samningsaðilar geta ekki sett fram kröfur um breytingar á einingaverðum nema frávik frá áætluðum magntölum leiði til þess að heildargreiðsla fyrir samningsverkið sé meira en 20 % hærri eða lægri en heildar-samningsupphæð.

Endurskoðunin gildir einungis fyrir það magn sem fellur utan þessara marka. Samningsaðilar geta ekki sett fram kröfur, þótt magn einstakra verkliða aukist eða minnki eða jafnvel falli brott.

Greitt verður samkvæmt einingarverðum fyrir mælt og útreiknað magn samkvæmt „teoretiskum“ lágmarkspversniðum, eins og þau eru sýnd á teikningum. Með rúmmáli er alltaf átt við rúmmál á óhreyfðu föstu eða þjöppuðu efni nema annað sé sérstaklega tekið fram. Lengdir lagna eru ávallt láréttar lengdir. Í einingarverðum tilboðs skal innifalinn allur kostnaður við alla þá verkþætti sem þarf til þess að fullgera verkið eins og fram kemur í útboðs- og verklýsingu og á teikningum.

0.6 Ábyrgðir - Tryggingar - Ágreiningsmál



0.6.1 Ábyrgðir og tryggingar

Verktaki ber ábyrgð á verkefninu og framkvæmd þess, þar með töldum verkum undirverktaka og auk þess tjóni er verkkaupi eða þriðji aðili kann að verða fyrir við framkvæmd þess.

Verktaki skal kaupa allar skyldutryggingar sem lög og reglugerðir kveða á um. Ennfremur skal verktaki að lágmarki kaupa eftirtaldar tryggingar:

- Ábyrgðartryggingu vegna tjóns sem þriðji aðili kann að verða fyrir vegna starfsemi verktaka og vinnu starfsmanna hans.

Verktaki skal kaupa allar tryggingar vegna starfsmanna sinna í samræmi við ákvæði laga og kjarasamninga.

Verktaki skal sjá til þess að undirverktakar hans kaupi tryggingar með sama hætti ef þeir sinna tilgreindum verkþáttum.

Verktaki skal afhenda verkkaupa afrit af öllum tryggingarskírteinum og greiðslukvittunum fyrir iðgjöld, verði þess óskað.

0.6.2 Verktrygging

Til tryggingar því að verktaki standi við allar skuldbindingar sínar við verkkaupa vegna verkefnis þessa afhendir hann verkkaupa fyrir undirritun verksamnings verktryggingu, skv. grein 3.5 í ÍST 30. Form verktryggingar er á eyðublaði „E-02“ með útboðs- og samningsskilmálum þessum.

Verktrygging er hlutfallstala samningsupphæðar sbr. það sem tilgreint er í kafla 0.1.3 af samningsfjárhæð og stendur óbreytt til loka framkvæmda en lækkar þá í 4% af samningsfjárhæð. Þannig stendur hún næstu tólf mánuði frá dagsetningu heimildar verkkaupa til lækkunar tryggingarinnar.

Óheimilt er að lækka verktryggingu nema til komi skrifleg heimild þar að lútandi til tryggingafélags eða banka frá verkkaupa, og skal slík heimild gefin út innan 10 daga frá því að verklokauúttekt fór fram og verkkaupi tók við verkinu. Verkkaupi leggur ekki fram sérstaka tryggingu vegna verksins.

0.6.3 Skuldsetning - undirverktakar

Verktaka er óheimilt, án samþykkis verkkaupa, að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum í sinn stað, að hluta eða öllu leyti. Ef verktaki felur undirverktaka að taka að sér einstaka þætti skal tilkynna það verkkaupa og breytast í engu skyldur verktaka gagnvart verkkaupa.

0.6.4 Misræmi í gögnum

Ef um ósamræmi milli uppdráttu og lýsinga er að ræða skal verktaki tafarlaust tilkynna verkkaupa það til úrskurðar. Komi fram villur í útboðsgögnum, er verktaki eftir sem áður bundinn af tilboði sínu.

Leiði villan til aukins kostnaðar skal verktaki fá hann bættan, enda tilkynni hann verkkaupa um villuna strax og hann verður hennar var. Vanræki verktaki að tilkynna slíka villu áður en viðkomandi hluti verks er framkvæmdur fellur bótaskylda verkkaupa niður. Á samsvarandi hátt á verkkaupi rétt á lækkun samningsupphæðar, ef villan leiðir til minni kostnaðar.

Semja skal eins fljótt og unnt er um þær breytingar á samningsupphæð, sem leiða af framansögðu.

0.6.5 Samskipti á samningstíma



Við upphaf verkefnis verða gerðar skriflegar reglur um hvernig samningsvöktun og samningsstjórnun verður háttáð af hendi verkkaupa og þær afhentar verktaka.

Verkkaupa er heimilt að óska eftir breytingum á verkefninu og skulu aðilar semja sérstaklega um breytingar og greiðslur vegna þeirra áður en þær koma til framkvæmda. Á sama hátt er verktaka heimilt að óska breytinga, svo fremi að þær hafi engin áhrif á starfsemi verkkaupa.

Samningur um breytingar, ný verkefni eða niðurfellingu verkefna skal vera skriflegur og undirritaður af samningsaðilum.

0.6.6 Framsal réttinda

Verktaka er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt útboði þessu nema með samþykki verkkaupa.

0.6.7 Atvinnuleyfi og -réttindi

Þátttakendur í útboðinu eru ábyrgir fyrir því að allir starfsmenn þeirra hafi atvinnuleyfi sem tryggi þeim rétt til að vinna að verkefninu.

Þegar unnin eru störf sem krefjast sérstakra réttinda ber verktaka að sjá til þess að þeir starfsmenn sem vinna þau störf hafi tilskilin réttindi.

0.6.8 Ágreiningsmál

Ágreiningsmálum sem kunna að rísa út af verkefni því sem útboð þetta nær til, má vísa til Héraðsdóms Vestfjarða að undangenginni tilraun til sáttamiðlunar.

Sé ágreiningurinn að mestu eða öllu leyti tæknilegs eðlis má með samþykki beggja aðila vísa málinu til gerðardóms Verkfræðingafélags Íslands til fullnaðarúrskurðar.

0.6.9 Vanefndir og uppsögn

Verktaki skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði útboðs- og samningsgagna. Vanefni hann þær, er verkkaupa heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum lögformlegum vanefndaúrræðum.

Verði verkkaupi fyrir tjóni af völdum vanefnda verktaka er verktaki að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þessa samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga.

Leiti verktaki nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða sé úrskurðaður gjaldþrota, eða er andlag árangurslauss fjárnáms getur verkkaupi án frekari fyrirvara sagt samningi upp.

Verði um ítrekaðar eða stórfelldar vanefndir af hálfu verktaka að ræða getur verkkaupi rift samningi í samræmi við almennar reglur.

0.7 Vinnustaður

0.7.1 Athafnasvæði og vinnustaða

Verktaki fær til umráða vinnusvæði eins og lýst er í verklýsingu og á yfirlitsmyndum og með þeim skilmálum sem þar greinir.



Vinnusvæðið afmarkast af framkvæmdamörkum og lóðarmörkum. Óheimilt er að raska landi utan vinnusvæðis nema brýna nauðsyn beri til og þá aðeins í samráði við eftirlit. Í slíkum tilfellum skal gera fyrirfram áætlun um frágang viðkomandi svæðis og slíkur kostnaður á hendi verktaka.

Verktaki skal sjá til þess að ekki stafi hættu af vinnusvæðinu, sjá einnig kafla 0.7.6 um öryggi á vinnustað. Varðandi umgengni og umhirðu á vinnustað vísast til kafla 0.7.5. Allur kostnaður við gerð heimæða vegna frárennslis og vatns er á hendi verktaka. Verktaki skal koma upp rotþró á svæðinu ef hann hyggst ekki tengja aðstöðu sína við veitukerfi.

0.7.2 Aðkoma annarra verktaka

Á ekki við í þessu verki.

0.7.3 Húsnæði fyrir starfsmenn, teikningar og efni

Verktaki skal leggja til allt nauðsynlegt húsnæði fyrir starfsmenn sína og til geymslu á efni, allt eins og lýst er nánar í verklýsingu. Einnig sé hentugt og nægjanlegt húsrými fyrir uppdrætti og verkfundahöld.

0.7.4 Ljós, hiti, akstur, vélar og fleira

Verktaki skal, nema annað komi fram í gr. „0.5.1 Framlag verkkaupa“, leggja til og kosta öll áhöld, vélar, vinnupalla, keyrslubrautir, verkfæri, ljós, hita og orku, sem til þarf við framkvæmdirnar, enn fremur allan flutning á mönnum, tækjum og efni.

Verktaki skal þar sem við á, sjá um bráðabirgðaleiðslur fyrir vatn, skolp og rafmagn þar til lokatenging hefur farið fram.

0.7.5 Umhirða á vinnustað

Verktaki skal ávallt sjá um að allir efnisafgangar séu fjarlægðir jafnóðum. Verktaki skal sjá svo um að umhirða á vinnustað, vinnuskúrum og á lóðum sé ávallt góð og skal verktaki fara eftir fyrirmælum eftirlitsmanna þar að lútanda. Um almenna umgengni og umhirðu á vinnustað vísast að öðru leyti til kafla 4.2 í ÍST 30.

Lögð er rík skylda á verktaka að hafa gott samstarf við fulltrúa verkkaupa um umgengni, umhirðu og öryggi á vinnustaðnum.

0.7.6 Öryggi á vinnustað

Lögð er rík áhersla á öryggismál við verklegar framkvæmdir í og við verkið. Markmiðið er að framkvæmdin sé öruggur og slysalaus vinnustaður þar sem hvorki öryggi starfsmanna verksins né öryggi annarra er stofnað í hættu.

Verktaki skal í upphafi verks gera öryggisáætlun fyrir verkefnið og ber ábyrgð á að kynna hana fyrir öllum starfsmönnum sem að verkinu koma, þ.m.t. undirverktakar og starfsmenn þeirra.

Verktaki skal gæta ýtrustu varúðar við framkvæmd verksins og hafa samráð við umsjónarmann um allar varúðarráðstafanir eftir því sem við á. Áður en framkvæmdir hefjast ber verktaka að leggja fyrir umsjónarmann tillögu um varúðarráðstafanir, sem nauðsynlegt er að gera, m.a. vegna umferðar við vinnustað. Sér verktaki síðan um að varúðarráðstöfunum þeim sem eru taldar nauðsynlegar, sé framfylgt í tæka tíð og til hins ýtrasta.



Verktaki skal fylgja öllum reglum um öryggi á vinnustað til hins ýtrasta, bæði hvað snertir vinnuvélar og aðbúnað. Hann skal einnig viðhafa brunavarnir og reglur um meðferð eldfimra efna, sem viðhlítandi teljast að dómi umsjónarmanna og skv. skilmálum váttryggingar. Reglum og leiðbeiningum um meðferð lagna frá veitu-stofnunum skal fylgt í hvívetna.

Á fyrsta verkfundi og áður en framkvæmdir hefjast skal undirrituð öryggis- og heilbrigðisáætlun verktaka lögð fram.

Sérstök athygli er vakin á reglum Vinnueftirlits ríkisins um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð (nr. 547/1996) sem tóku gildi 1. janúar 1997. Með tilvísun í II. kafla þessara reglna er sú skylda lögð á verktaka að gegna þeim skyldum sem um ræðir í 1.-3. t.l. 3. greinar í reglum þessum þ.á.m. skipun samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðisráðstafana og gerð öryggis- og heilbrigðisáætlunar eins og við á hverju sinni. Bent er á „Fræðslu- og leiðbeiningarrit nr. 17“ útgefið af Vinnueftirliti ríkisins árið 2002. Á fyrsta verkfundi og áður en framkvæmdir hefjast skal undirritað skriflegt samkomulag um fyrirkomulag þessara mála í samræmi við gildandi reglur Vinnueftirlits ríkisins hverju sinni.

Við brot á þeim reglum sem settar eru fram varðandi öryggismál áskilur verkkaupi sér rétt til að vísa starfsmanni eða starfsmönnum, sem brotlegir eru, af vinnusvæðinu og/eða fresta greiðslum þar til bætt hefur verið úr þeim öryggisatriðum sem áfátt er í einhverjum atriðum.

Kröfur tengdar öryggis- og heilbrigðismálum ná til allra verktaka og undirverktaka sem að framkvæmdinni koma.

Verktaka ber að fara að þeim lögum, reglugerðum og reglum sem varða öryggi og heilbrigði á vinnustað s.s.:

- ▶ Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað með síðari tíma breytingum.
- ▶ Reglur nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð.
- ▶ Reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.

Hið sama gildir gagnvart öllum öðrum íslenskum lögum, reglugerðum og reglum sem gilda á hverjum tíma en eru ekki sérstaklega talin upp hér en snerta verkið á einhvern hátt. Jafnframt skal verktaki fara eftir þeim reglum og tilmælum sem sett er fram í þessu skjali.

Í upphafi verks skal verktaki útbúa lista yfir þau lög, reglugerðir og reglur sem að hans mati gilda um hans starf á verkstað. Listinn skal lagður fram með öryggis- og heilbrigðisáætlun (sjá kafla 0.7.8) til samþykktar verkkaupa.

0.7.7 Persónuhlífar

Starfsmenn verktaka skulu nota þær persónuhlífar sem við eiga hverju sinni en að lágmarki skal alltaf nota:

- ▶ Öryggishjálmi
- ▶ Öryggisgleraugu
- ▶ Hlífðarfatnað sem uppfyllir staðla um sýnileika og merkt sínu fyrirtæki
- ▶ Öryggisskó



Verktaki skal sjá til þess að starfsmenn hans noti ávallt aðrar viðeigandi persónuhlífar eftir þörfum og aðstæðum við viðkomandi verk og þegar þess er krafist í reglum eða reglugerðum til að koma í veg fyrir heilsutjón. Persónuhlífar skulu vera CE-merktar og í samræmi við gildandi reglur.

Heyrnarhlífar eða eyrnatappar skulu ávallt notaðar þar sem hávaði er mikill (sbr. kröfur Vinnueftirlits).

Nota skal viðeigandi öndunargrímur við notkun leysiefna og annarra efna sem geta gefið frá sér hættulegar gufur. Öndunargrímur skal sömuleiðis nota þar sem rykmengun er til staðar s.s. við sögun.

Nota skal öryggisbelti með öryggislínu þar sem unnið er í hæð og hætta er á falli. Alltaf skal nota öryggisbelti í farartækjum.

Nota skal andlitshlífar við vinnu þar sem hætta er á augnskaða og mat verkstjóra er að öryggisgleraugu veiti ekki næga vörn.

0.7.8 Lagnir og strengir í jörðu

Áður en framkvæmdir hefjast skal verktaki leita nánari upplýsinga hjá þeim veitufyrirtækjum sem geta átt lagnir í jörðu og afla sér graftarleyfis.

Verktaki skal gæta ytrustu varkárni við vinnu í grennd við lagnir, og skal í einu og öllu fara eftir þeim ákvæðum, sem um þær gilda. Sérstaklega skal bent á að þurfi að grafa undan lögnum á einhverjum stöðum skal tryggja að þær verði ekki fyrir hnjaski meðan á því stendur.

Verkkaupi mun ekki greiða sérstaklega fyrir tafir og truflanir vegna lagna, né meðhöndlun og færslu umfram það sem greitt er sérstaklega samkvæmt sérverklýsingu verkkaupa. Allur aukakostnaður vegna þessa skal innifalinn í einingarverðum tilboðs.

Verktaki er ábyrgur fyrir öllum skemmdum á strengjum, rörum og örðum búnaði sem hljóttast af verkframkvæmd hans.

0.7.9 Hífinger

Búnaður, s.s. stroffur, keðjur, lásar og kranar sem notaður er til hífinga skal vera vottaður og styrkur þeirra í samræmi við þyngd byrðarinnar sem á að hífa. Ástand búnaðar skal skoðað reglulega og hann tekinn úr notkun ef hann er ekki í lagi. Viðhafa skal árvekni við hífinger og gæta að staðsetningu annarra starfsmanna gagnvart byrði. Aldrei skal hífa byrði yfir fólk og hangandi byrði ekki skilin eftir í krana. Ef fyrirséð er að hífa þurfi mjög þunga hluti skal fara fram áhættumat á því verki og það lagt fyrir fulltrúa verkkaupa.

0.7.10 Áfengi og vímuefni

Öll neysla áfengis og vímuefna er stranglega bönnuð á framkvæmdasvæði. Öllum þeim sem eru undir áhrifum áfengis eða vímuefna er óheimill aðgangur að húsnæði, bifreiðum og framkvæmdasvæðum.

0.8 Frágangur og gæði verks

0.8.1 Verkstjórn verktaka, dagbók og verkfundir

Almennum kröfum til verkstjórnar verktaka er lýst í grein 4.1 í ÍST 30



Lögð er mikil áhersla á upplýsingaflæði og samræmingu á verktíma milli aðila. Verktaki og undirverktakar skulu gera ráð fyrir að þurfa að mæta vikulega á verkfundi með fulltrúa verkkaupa meðan á verkinu stendur. Verkfundargerðir eru ritaðar af eftirlitsaðila verkkaupa og skulu samþykktar með undirritun af báðum aðilum.

Stjórnendur verktaka (verkefnastjóri/verkstjóri) skulu ávallt vera á verkstað þann tíma sem vinna er í gangi. Verktaki skal sækja um heimild til verkkaupa ef hann áætlar að skipta um verkefnisstjóra/verkstjóri og/eða þegar verkefnisstjóri/verkstjóri fer í frí.

Verktaki skuldbindur sig til að vera ávallt með nægjanlegan mannskap á verkstað sem hefur með höndum daglega stjórnun og umsjón og sem sinna verkum skv. samningi.

0.8.2 Gæði verksins

Almennum kröfum um gæði verksins er lýst í grein 4.3 í ÍST 30.

Öll vinna og allur frágangur verksins skulu vera vönduð og fagmannlega unnin, í samræmi við fyrirsögn um vinnubrögð, góðar fagvenjur, faghefðir og metnað.

Forsvarsmenn verksins skulu hafa þá reynslu sem með þarf við framkvæmd þess, og full réttindi þar sem þeirra er þörf. Fagvinna skal unnin af fagmönnum og skal verktaki skila inn afritum af skírteinum um réttindi starfsmanna sé þess óskað.

Verktaki skal framvísa fullgildum uppruna- og gæðavottorðum með öllu efni sem hann hyggst nota og staðfesta gæði með rannsóknarniðurstöðum eftir því sem krafist er í verklýsingu.

Verktaki skal bæta að fullu alla galla, sem fram kunna að koma á verkinu og um er að kenna slæmum frágangi eða efni. Þrátt fyrir eftirlit verkkaupa, ber verktaki fulla ábyrgð á efni og vinnu.

Eftirlitsmaður getur sett tímatakmark um hvenær það sem áfátt er talið, skal vera lagfært og heimilt er að stöðva greiðslur til verktaka uns þær lagfæringar hafa farið fram.

Verktaki skal framkvæma a.m.k. allar þær prófanir sem tilgreindar eru í verklýsingu ásamt nauðsynlegu eftirliti þeim tengdum. Þá skal hann framkvæma verkið í samræmi við niðurstöður prófana þar sem þeirra er krafist og einnig skal hann notast við þær til að gera leiðréttingar á framkvæmd sinni við verkið.

0.8.3 Efnisval og vinnuaðferðir

Þjóðandi skal miða tilboð sitt við þá efnis- og vinnuliði sem útboðsgögn gera ráð fyrir. Á framkvæmdatíma er verktaka heimilt, að höfðu samráði við eftirlitsaðila, að bjóða annað efni og aðra vinnutilhögun en útboðsgögn kveða á um og skal hann þá leggja fram upplýsingar um efni, vinnu og verð sbr. grein 4.3 í ÍST 30.

Verkkaupi gerir samanburð á frávikum með tilliti til verðs og gæðamismunar og hefur ákvörðunarrétt um hvaða efni og aðferðir verða endanlega valin. Allan kostnað sem til fellur vegna samanburðar á öðru efni eða vinnuaðferðum skal verktaki greiða óháð samþykki eða synjun verkkaupa.

0.8.4 Málsetningar og mælingar

Við upphaf verks verða verktaka afhentar teikningar tilheyrandi verkinu sem liggja til grundvallar þeim verkþáttum sem unnir skulu.



Verktaki skal annast allar innmælingar á mannvirkjum og lögnum í verkinu. Allur kostnaður vegna mælinga skal innifalinn í einingarverðum einstakra verkþátta í verklýsingu, þar með talinn kostnaður við gerð nýrra fastmerkja teljist þess þörf.

Samþykkt eftirlitsmanns á staðsetningu eða vinnu leysir verktaka á engan hátt undan ábyrgð þeirri sem á honum hvílir um rétta staðsetningu og gæði verksins. Verkkaupi kostar einungis eina mælingu til að sannreyna staðsetningu eða gæði verks verktaka. Þurfi að bæta úr og endurtaka mælingu, ber verktaki af því allan kostnað.

0.8.5 Samskipti við yfirvöld

Ekki notað í þessu verki.

0.8.6 Verklokaúttekt

Almennum kröfum um framkvæmd verklokaúttektar er lýst í grein 4.4 í ÍST 30.

Verktaki skal tilkynna eftirlitsaðila verkkaupa skriflega hvenær verklokaúttekt geti farið fram. Þegar það er gert eiga verktaki og eftirlitsaðili að vera búnir að yfirfara verkið til þess að ekki þurfi að koma til annarrar úttektar. Ef boða þarf til annarrar úttektar skal verktaki greiða kostnað verkkaupa sem til fellur vegna hennar. Það getur gerst ef verkinu er verulega ábótavant. Ef það koma fram smávægilegar athugasemdir skal eftirlitsaðili tilkynna þeim, sem viðstaddir voru úttektina skriflega þegar þær hafa verið lagfærðar án þess að farið sé í aðra formlega úttekt.

Við verklokaúttekt yfirfara fulltrúar verkkaupa og verktaka (auk undirverktaka þar sem við á) allt verkið. Telji eftirlitsaðili verkkaupa að eitthvað sé vangert eða að úrbóta sé þörf, skal hann að lokinni úttekt án tafar afhenda verktaka orðsendingu (úrbótalista) um öll atriði sem lagfæra þarf.

Verkinu telst lokið þegar eftirtöldum atriðum hefur verið fullnægt:

1. Að verktaki hafi lokið framkvæmdum í samræmi við útboðsgögn.
2. Að fullbúin verkmapa gæðakerfis hafi verið afhent eftirlitsaðila verkkaupa, en hún skal m.a. innihalda:
 - Fullnægjandi gögn um allt efni sem notað var við framkvæmdina, og krafist var gagna um.
 - Fullnægjandi niðurstöður allra fyrirskrifaðra prófana.
 - Upplýsingar um breytingar á útfærslum miðað við teikningar.

Hafi framangreind atriði verið staðfest sem fullafgreidd við verklokaúttektina skal verkkaupi gefa út án tafar vottorð um verklokaúttekt, svonefnda úttektargerð, og telst hann þá hafa tekið við verkinu frá úttektardegi að telja og hefst þar með ábyrgðartími verksins. Sé hinsvegar eitthvað vangert eða ekki í samræmi við lýsingar eða teikningar skal það metið af fulltrúum verkkaupa og greiðslu fyrir viðkomandi atriði haldið eftir. Verktaki fær eðlilegan frest til þess að ljúka þeim verkum, sem talin eru ófullnægjandi við úttekt þessa, og fær þau þá greidd eftir fyrrgreindu mati, þegar staðfesting eftirlitsaðila verkkaupa er fengin fyrir að hann hafi lokið viðkomandi verki.

Um dulda galla eða annað sem kann að yfirsjáast við úttekt, en verktaki er ábyrgur fyrir, gilda ákvæði greinar 4.5.6 í ÍST 30.

Fyrir lok ábyrgðartímans, sem er 1 ár, mun fulltrúi verkkaupa ásamt fulltrúum verktaka yfirfara allt verkið, en almennum ákvæðum um ábyrgð á verki er lýst í greinum 4.4.11 og 4.5 í ÍST 30.

0.8.7 Iðnmeistarar og byggingastjóri



Öll suðuvinna skal unnin af pípulagningameistara.

0.9 Verktrygging, dæmi

Undirritaður lýsir því hér með yfir að hann ábyrgist Súðavíkurbrepp sem verkkaupa greiðslu á allt að

kr. [upphæð í tölustöfum,-]

kr. [upphæð í bókstöfum 00/100],

sem tryggingu fyrir því, að

[nafn verktaka] kt: [ddmmaa-xxxx],

inni í einu og öllu af hendi samningsskyldur sínar sem verktaki við verkið

[nafnið á verkinu],

skv. útboðsgögnum og verksamningi.

Verktrygging þessi er [xx]% af samningsfjárhæð, í samræmi við ákvæði í verksamningi og skal standa óbreytt þar til lokaúttekt hefur farið fram, en lækkar þá í 4 % af samningsfjárhæðinni að viðbættum viðaukum við samning og verðbótum ef verksamningur er verðbættur, og stendur þannig næstu tólf mánuði frá lokaúttektardegi enda hafi verkkaupi tekið við verkinu í viðurkenndu lagi.

Óheimilt er að lækka eða fella þessa verktryggingu niður nema að fenginni skriflegri heimild þar að lútandi frá verkkaupa. Gildir það jafnt þó að tólf mánuðir séu liðnir frá lokaúttektardegi.

Verkkaupi getur krafist undirritaðan um greiðslu tryggingarfjárins að einhverju eða öllu leyti, einhliða og án undangengins dóms, ef hann telur það nauðsynlegt til að bæta galla, sem fram koma á verki verktaka, eða til greiðslu á hvers konar kostnaði, sem hann hefur orðið fyrir vegna vanefnda verktaka á ákvæðum verksamnings og skal greiðslan fara fram innan 14 daga frá því að hennar er krafist.



0.10 Verksamningur, dæmi

Dæmi um verksamning frá Samtökum lónaðarins sem tekur á helstu sammingsatriðum kaupenda og seljenda. Samningurinn er uppkast sem aðlaga þarf og staðfæra hverju sinni.

1. gr.

Við undirritaðir:

kennitala:

heimilisfang:

hér eftir nefndur

verkkaupi og

kennitala:

heimilisfang:

hér eftir nefndur

verktaki gerum með okkur eftirfarandi VERKSAMNING.

2. gr.

Verktaki tekur að sér að:

Verkið skal unnið með viðurkenndum efnum og í samræmi við góðar hefðir, gildandi lög og reglugerðir á hverjum tíma.

3. gr.

Eftirfarandi gögn eru hluti af samningnum:

1. Útboðsgögn og verklýsing dags.

2. Teikningar

3. Tilboð verktaka dags.

ásamt útfylltri tilboðsskrá.

4. Íslenskur staðall, ÍST 30:2012 (fæst hjá Staðlaráði).

5. Framlögð verkáætlun.

4. gr.

Verkkaupi tilnefnir eftirlitsaðila og ræður byggingarstjóra meðan á verkinu stendur.

5. gr.



Fyrir verkið greiðir verkkaupi verktaka kr. _____

Innifalið í samningsverðinu er:

Allur efniskostnaður, kostnaður við vinnu, vélar, áhöld, vinnuástöðu, tryggingar, flutninga, o.s.frv. svo og öll þau lög og samningsbundin gjöld sem leiða af því að hafa menn og tæki í vinnu og selja efni og vinnu, þ.m.t. virðisaukaskatt.

6. gr.

Verktaki getur lagt fram reikninga fyrir verkið á _____ vikna fresti. Samþykki

verkkaupi/eftirlitsmaður reikninga verða þeir greiddir innan _____ vikna frá framlagningu.

7. gr.

Til tryggingar því að verktaki standi við skyldur sínar samkvæmt samningi þessum, er fyrirbyggjandi verktrygging (framkvæmdatrygging) útgefin af _____ að upphæð kr. _____ sem samsvarar ____ % af samningsfjárhæð. Í tryggingarskjalinu eru greind nánari skilyrði þess að verkkaupi getur leyst tryggingarféð til sín.

Verktrygging stendur óhreyfð þar til lokaúttekt hefur farið fram og verktaki telst hafa fullnægt skyldum sínum samkvæmt samningi þessum, og lækkar þá um 60% að fenginni heimild verkkaupa.

Eftirstandandi 40% af verktryggingu er haldið þar til að ábyrgðarúttekt hefur farið fram.

8. gr.

Verktaki skal vinna þau breytinga- og/eða aukaverk sem verkkaupi/eftirlitsmaður óskar eftir, enda sé verktaka það mögulegt vegna annarra verka sem hann kann að hafa tekið að sér. Verkkaupi skal greiða verktaka allan kostnað sem af þessum breytinga- og/eða aukaverkum leiðir. Allar yfirlýsingar um breytingar skulu vera skriflegar, svo og kröfugerð og samningar.

Með breytinga- og / eða aukaverkum er átt við verkliði sem ekki eru tilgreindir í magntöluskrá.

Ef ófyrirséðar breytingar verða á verkinu, s.s. breytingar á magntölum, skal verktaki tafarlaust tilkynna verkkaupa / eftirlitsmanni um þær breytingar.

Verkfundir skulu haldnir á _____ daga / vikna fresti. Verkfundi skulu sitja einn fulltrúi

verkkaupa, einn frá verktaka og eftirlitsmaður.

9. gr.

Verktaki skuldbindur sig til að hefja verkið _____ og ljúka því eigi síðar en _____



Dragist verklok fram yfir tilsettan tíma, af ástæðum sem varða verktakann er

verkkaupa heimilt að krefjast dagsekta sem nema kr. _____ fyrir hvern almanaksdag sem

verkið dregst umfram umsamin verklok.

Á verkstað skal verktaki rita dagbók í þríriti þar sem skráð er framvinda og atriði sem geta haft áhrif á framvindu og gæði. Verkkaupi skal minnst vikulega fá afhend afrit eða samantekt úr dagbókinni í forni vikuskýrslu.



0.11 Teikningaskrá

- M23.010 Stofnlögn frá vatnsbóli niður að Langeyri, stöð 0,0 – 600
- M23.011 Stofnlögn frá vatnsbóli niður að Langeyri, stöð 600 - 1300
- M23.012 Stofnlögn frá vatnsbóli niður að Langeyri, stöð 1300 – 1480
Lagnir á Langeyri stöð 0 - 720
- M23.013 Kennisnið





0.12 Tilboðsblað

0.12.1 Verðtilboð og fylgiskjöl

Undirritaður hefur kynnt sér rækilega útboðslýsingu og gögn verksins

„Vatnslögn í Súdavík, vatnsból - Langeyri“

og gerir eftirfarandi tilboð í samræmi við þau byggt á meðfylgjandi útfylltri tilboðsskrá og samantektarblaði.

Tilboðsupphæð kr. (ritað með tölustöfum):

Tilboðsupphæð kr. (ritað með bókstöfum): _____

Upplýsingar um bjóðanda og undirskrift:

Nafn bjóðanda	
Kennitala	
Heimilisfang	
Tengiliður varðandi tilboð	
Sími	
Tölvupóstfang	
Staður og dags. tilboðs	
Undirskrift bjóðanda	



0.12.2 Yfirlýsing vegna undirverktöku

Bjóðandi mun tryggja að allir starfsmenn sem koma munu að verkinu, hvort sem er sem starfsmenn bjóðanda eða undirverktaka, fái laun og starfskjör í samræmi við gildandi kjarasamninga hverju sinni og aðstæður þeirra séu í samræmi við löggjöf á sviði vinnuverndar.

Hvenær sem er á samningstíma mun bjóðandi geta sýnt verkkaupa fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart þessum starfsmönnum séu uppfyllt. Bjóðandi samþykkir að ef hann getur ekki framvísað gögnum eða sýnt eftirlitsmanni verksins fram á að samningsskyldur séu uppfylltar innan 5 daga frá því ósk um slíkt er borin fram af verkkaupa, getur verkkaupi rift verksamningi án frekari fyrirvara eða ákveðið að beita dagsektum sem nemur 0,1% af samningsupphæð fyrir hvern dag sem umbeðnar upplýsingar skortir.

Beiting þessara vanefndaúrræða hefur ekki áhrif á gildi verktryggingar.

Undirskrift bjóðanda	
-----------------------------	--

**0.12.3 Tilboðsskrá**

Tilboði þessu fylgir útfyllt tilboðsskrá sem byggir á einingaverðum og útreikningi á heildarkostnaði einstakra greiðsluliða og samantektarblaði fyrir alla kafla verksins sbr. skiptingu verklýsingar í meginkafla.

VATNSVEITA Í SÚÐAVÍK				
KOSTNAÐARÁÆTLUN, SAFNBLAÐ				
Langeyri - vatnsból				
	Safnblað			
1.2	Aðstaða, öryggisráðstafanir o.fl.	Samtals	kr.	
1.3	Jarðvinna og lagnir	Samtals	kr.	
1.4	Tímavinna	Samtals	kr.	
	Samtals flutt á tilboðsblað			



VATNSVEITA Í SÚÐAVÍK					
Vatnsból - Langeyri					
Liður	Verkpáttahæiti	Ein	Magn	Eininga verð	Verð alls með Vsk.
1.2	Aðstaða, öryggisráðstafanir o.fl.				
	Aðstaða, öryggisráðstafanir, merkingar o.fl.	heild	1		
Liður 1.2 Alls flutt á safnblað					
1.3	Jarðvinna og lagnir				
1.3.3	Gröftur og fylling				
	Gröftur				
	Gröftur fyrir vatnslögn frá vatnsból að Langeyri	m	1520		
	Gröftur fyrir neysluvatn og slökkivvatn á Langeyri	m	800		
	Fylling				
	Fylling í skurði, frá vatnsból að Langeyri	m	1520		
	Fylling í skurði á Langeyri	m	800		
	Umframefni jafnað út	m ³	1000		
	Söndun				
	Söndun vatnslagnar 250 mm	m	1520		
	Söndun vatnslagna 180 mm og 110 mm í sama skurði	m	800		
1.3.4	Lagnir				
	PE250 mm og niðurlögn í skurð	m	1520		
	PE180 mm og niðurlögn í skurð	m	720		
	PE110 mm og niðurlögn í skurð	m	810		
	Tenging PE250 mm lagnar við vatnsból	stk	1		
	Tenging PE110 við PE110 á Langeyri	stk	1		
1.3.5	Brunahanar				
	Brunahanar	stk	3		
1.3.6	Þrýstiprófun				
	Þrýstiprófun	heild	2		
Liður 1.3 Alls flutt á safnblað					
1.4	Tímavinna				
1.4.1.1	Tímavinna verkamanns	klst	100		
1.4.1.2	Tímavinna iðnaðarmanns	klst	100		
Liður 1.4 Alls flutt á safnblað					



1 VERKLÝSING

Liðir í þessum kafla eru í samræmi við liði í magnskrá.

Aftast í hverjum kafla, með skáletri, eru skilgreiningar á verkeiningum, skýringar með magntöku og hvað einingaverð eiga að innifela, án þess að um tæmandi upptalningu sé þar að ræða.

1.1 Almenn atriði

1.1.1 Vinnusvæði og aðstaða

Verktaki tekur við vinnusvæðinu í núverandi ástandi og eru bjóðendur hvattir til að kynna sér aðstæður með vettvangskönnun.

Verktaki fær svæði fyrir aðstöðu sína, vinnuskúra, efnisgeymslur o.þ.h. í samráði við umsjónarmann. Verktaki skal ganga vel um svæðið og halda því eins snyrtilegu og unnt er. Í verklok skal hann hreinsa svæðið.

Verktaka ber að gæta þess að valda ekki landspjöllum utan síns athafnasvæðis. Öll landspjöll utan þess, af völdum verktaka, ber honum að lagfæra á sinn kostnað.

1.1.2 Verkgögn – gæði verks

Líta ber á vinnulýsingar og uppdrætti sem eina heild, þannig að þar sem uppdrættir sýna útfærslu, sem ekki er sérstaklega nefnd í vinnulýsingu, gilda uppdrættir og þar sem vinnulýsing lýsir útfærslu og/eða efni, sem ekki er hægt að sjá af uppdráttum, gildir vinnulýsing.

Lögð er áhersla á að íslenskur staðall, ÍST 30 er hluti útboðsgagna og er þar í kafla 20 kveðið á um gæði verksins almennt. Það eru þau gæði sem verktaki er skuldbundinn til að skila til verkkaupa nema annað sé tekið fram.

1.1.3 Upplýsingar um landið og jarðvegskannanir

Ekki hafa verið gerðar jarðvegskannanir á svæðinu en ekki er gert ráð fyrir að fleyga þurfi í skurðstæði. Svæðið er í að hluta til í um 100 m.h.y.s. og því þarf að taka tillit til þess við gerð tilboðs.

1.1.4 Lagnir á svæðinu

Lögn liggur frá vatnsbóli niður að Súðavík en lagnir ættu ekki að vera í nýju vegstæði fyrir utan skurðstæði á Langeyri, þar gæti verið lagnir.

Skylt er verktaka að kynna sér reglur þær og leiðbeiningar um meðferð lagna, sem einstakar veitustofnanir hafa gefið út, og fylgja þeim við verkframkvæmdina.

1.1.5 Mælingar

Eftirlitsaðili mun sjá um allar mælingar á verk tíma.

1.1.6 Öryggisráðstafanir

Verktaki skal auðkenna athafnarsvæði sitt og gera ráðstafanir til að hindra að slys hljótist af framkvæmdum. Sérstaklega skal þess gætt þegar farið er frá verkinu í lok vinnudags að ganga vel frá merkingum.

Ef líkur eru á að vatnsuppistöður geti myndast á vinnusvæðinu skal gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir það, t.d. með bráðabirgðaræsnum þar sem því verður við komið.



Við sprengingar skal gæta ýtrustu varúðar. Sérstök athygli er vakin á riti Vinnueftirlits ríkisins 684/1999 Reglugerð um sprengiefni. Geymsla og meðferð sprengiefnis og viðvaranir vegna sprenginga skulu í öllu vera samkvæmt þeim reglum sem þar gilda.

Verktaki skal annast og kosta allar umferðarmerkingar þar sem umsjónarmaður telur nauðsyn á og aðrar öryggisráðstafanir sem nauðsynlegar eru að mati umsjónarmanns verkkaupa og/eða yfirvalda. Uppfylla skal allar reglugerðir þar um.

1.1.7 Reglugerðir og úttektir

Reglugerðir sem útboðsgögn vísa til, svo sem íslenskir staðlar, reglugerðir um vatnslagnir, lögreglusamþykktir, heilbrigðissamþykkt og reglur Vinnueftirlits ríkisins o.fl., skulu bjóðendur sjálfir afla sér.

Verkinu telst ekki lokið af hálfu verktaka fyrr en hann hefur fjarlægt vinnuskúra, tæki og annað sem hann hefur notað við framkvæmdirnar. Einnig skal hann hafa lagfært skemmdir sem hann kann að hafa valdið. Þá skal hann hafa fjarlægt allt rusl og efnisafganga og hreinsað vinnusvæðið.

1.1.8 Losunarstaðir / Tippir

Verktaki skal setja uppgrafið efni á bakka og jafna út á svæðinu í verklok. Verktaki skal ganga vel um svæðið og vera í samráði við umsjónarmann um hvernig haga skuli útjöfnun á staðnum. Fara skal eftir fyrirmælum verkkaupa á formi útjöfnunar.

1.2 Aðstaða, öryggisráðstafanir, merkingar o.fl.

Greidd verður föst upphæð fyrir verkþáttinn.

Innifalið er m.a. kostnaður við:

- allur kostnaður við aðstöðusköpun þ.m.t. tengingar lagna, vinnuskála og rekstur vinnusvæðis og auðmerking athafnasvæðis.

- 1 Kostnaður vegna vinnuvega, sem verktaki telur nauðsynlegt að leggja,
- 2 Kostnaður vegna þrifa á götum,
- 3 Ráðstafanir til stuðnings skurðbökkum,
- 4 Girðingar og/eða flaggsnúrur,
- 5 Umferðarskilti og viðhald þeirra,
- 6 Aðrar öryggisráðstafanir m.a. hjálmar starfsmanna,
- 7 Gröftur framræsluskurða og/eða dæling,
- 8 Rif girðinga sem fjarlægja þarf af vinnusvæði,
- 9 Stjórnunarkostnað verktaka,
- 10 Tryggingar,
- 11 Hreinsun og frágangur á verksvæði o.fl

Greiddsla fyrir þennan lið verður í hlutfalli við framvindu verksins.

1.3 Jarðvinna og lagnir

1.3.1 Almennt

Verkkaupi afhendir efni samkvæmt grein um aðföng sem verkkaupi leggur til í 0. kafla. Innifalið í verkliðum er að sækja efni á afhendingarstað og flytja það á verkstað ásamt geymslu og gæslu þess þar.

Verktaki skal leggja Ø250 / Ø180 / Ø90 mm kaldavatnslögn í flokki SDR 11 og ganga frá sjálfvirkum loftlokum. Verktaki skal annast alla suðuvinnu, þ.m.t. að leggja til nauðsynleg tæki og aðra



samsetningarvinnu.

Verktaki skal gæta þess vandlega að rör séu hrein að innanverðu þegar þeim er lokað og að engir aðskotahlutir verði þar eftir.

Verktaki skal skola út lagnir áður en þær tengjast við virk kerfi.

Aldrei má skilja við opna rörenda þegar farið er frá vinnustað.

Þar sem tengja þarf við virk kerfi munu starfsmenn verkkaupa vera viðstaddir þegar tengingar eiga sér stað. Verktaki skal gera umsjónarmanni verkkaupa grein fyrir áætlunum um tengingar við virk kerfi og þeim ráðstöfunum sem gera þarf vegna þeirra minnst 3 virkum dögum áður en tenging er fyrirhuguð.

Umsjónarmaður verkkaupa mun sjá um innmælingar á lagnakerfi. Verktaki skal óska eftir innmælingum með formlegum hætti minnst 2 virkum dögum áður en fyrirhugað er að mæla inn. Ef lagnakerfi hefur ekki verið innmælt að fullu þegar skurði hefur verið lokað mun verkkaupi fara fram á að grafið verði niður á lagnakerfi til að hægt sé að klára innmælingar. Verktaki ber ábyrgð á að loka ekki skurði fyrr en innmælingum á lagnakerfi er lokið.

1.3.2 Jarðvinna

Verktaki skal annast allan gröft fyrir lagnir, söndun undir og yfir, fyllingu og allan annan frágang í skurði, þar með talið að leggja plasthlífar og aðvörunarborða.

Markalínur graftar sem fram koma á teikningum eru greiðslumörk og sýna lágmarkspversnið sem grafa skal og fylla í. Sé grafið út fyrir þessar markalínur án beiðni frá umsjónarmanni verkkaupa skal verktaki á eigin kostnað fylla aftur hvert svæði sem grafið er umfram markalínur, þannig að fullnægjandi sé að dómi umsjónarmanns verkkaupa. Fyllingarefni skal uppfylla kröfur í verklýsingum um fyllingar.

Verktaki skal gera nauðsynlegar öryggisráðstafanir til að koma í veg fyrir hrun úr bökkum (t.d. með því að setja stalla, auka fláa eða setja öryggisnet). Haga skal grefti þannig að ekki sé hætta á hruni úr bökkum eða að bakkar hrynji. Við ákvörðun um halla bakka skal tekið mið af stöðugleika þess jarðvegs, sem grafið er í, dýpt graftar, grunnvatnsstöðu og öðrum þeim atriðum sem geta valdið hruni. Fylgja skal leiðbeiningum „Öryggi við skurðgröft og gryfjur“ úrgefið af Vinnueftirlitinu. Innifalið í einingarverðum skal vera allur kostnaður við nauðsynlegar öryggisráðstafanir samkvæmt grein um gröft.

1.3.3 Gröftur og fylling

Gröftur

Verktaki skal grafa skurði fyrir veitulagnir eins og sýnt er á teikningum.

Skurðir skulu vera það víðir og botn þeirra það jafn að lagnir liggja þvingunarlaust á botni. Skurðbreidd er háð jarðvinnusniði þó þannig að þægilegt og hættulaust sé að vinna við lagnir og önnur þau verk sem vinna þarf í skurðinum.

Halda skal skurðum og útgröfnu svæði nægjanlega þurru til þess að unnt sé að kanna botn útgraftra og ganga úr skugga um botnbreidd.

Tilkynna skal umsjónarmanni verkkaupa með a.m.k. tveggja daga fyrirvara um úttekt á botni skurðar. Þá skal verktaki sjá til þess að ekki myndist vatnsuppistöður í skurðum og gryfjum sem geta verið hættulegar eða valdið skemmdum á verkinu eða tækjum. Kostnaður við vatnsvarnir skal



vera innifalinn í einingarverðum.

Fylling

Fylling í lagnaskurði skiptist í söndun og fyllingu með uppgröfðu efni.

Uppbygging er sýnd á teikningum og staðalsniðum og skal verktaki fylla samkvæmt þeim.

Jarðvegsfylling í lagnaskurði

Í 200 mm þykkri fyllingu næst sandfyllingu skulu ekki vera stærri steinar en 70 mm í þvermál. Fyllinguna skal leggja út í lögum og þjappa með viðurkenndum aðferðum t.d. vibrosleða þannig að ekki komi fram sig.

Söndun

Í skurði skal nota sand (núið efni) án hvassra brúna og með mestu kornastærð 8 mm. Í verkum þar sem engir strengir eru óvarðir í skurði má nota sand með mestu kornastærð 16 mm. Aldrei má nota brotið efni.

Efni meðfram vatnslögn skal ekki vera leirkennt eða fínefnaríkt. Gerðar eru eftirfarandi kröfur til fínefnisinnihalds:

- Efni < 0,020 mm. skal vera < 3 % þyngdar.
- Efni < 0,063 mm skal vera < 5 % þyngdar.
- Hlutfallið d60/d10 skal vera > 1,8.

Ekki má endurnota sand úr sandkössum eða sambærilegum aðstæðum vegna mengunarhættu.

Hreinsa skal vandlega upp alla steina og grús, sem kunna að hafa hrunið í skurðinn áður en fyllt er yfir lagnir með sandi.

Magntölur og uppgjör:

Fyrir gröft, söndun og fyllingu fyrir pípur og fjarlægingu umframefnis greiðist ákveðið verð á lengdarmeter skurðar. Lengd útgrafrar er reiknuð eftir miðlínu skurðar. Innifalið skal vera öll vinna og efni við að fullgera þennan verkið.

Í einingarverði skal vera innifalinn allur kostnaður við jarðvinnuna. Hér er meðal annars átt við kostnað við gröft, söndun, brottflutning og aðflutning efnis, færslu innan athafnasvæðis eða útjöfnun eftir því sem við á, jöfnun undir pípur og strengi, vatnsdæling, söndun undir og yfir pípur og fylling í lagnaskurði, öryggisráðstafanir og frágang yfirborðs.

1.3.4 Lagnir

Vatnslagnir eru úr Ø250 mm, Ø180 mm og Ø90 mm plastpípum, PE SDR11 með lágmarks vinnubrýsting 16 kg/cm² (16 bör) og er lega sýnd á teikningu.

Verði verktaki var við galla á kaldavatnslagnirum skal hann gera eftirlitsaðila viðvart og fá ákvörðun um hvað skal gera áður en hann leggur þau eða fyllir að þeim. Ef rispa eða skemmd á kaldavatnslagnir er dýpri en sem nemur 10 % af veggþykkt rörs er óheimilt að nota það.

Þegar skurður hefur verið undirbúinn og umsjónarmaður verkkaupa hefur tekið hann út getur verktaki byrjað að leggja kaldavatnslagnir.



Varðandi lagningu plaströra vísast til leiðbeininga framleiðanda.

Rörin skulu soðin saman með spegilsuðu.

Vakin er athygli á formbreytingu og lengingu plaströra í sól og hita skv. leiðbeiningum framleiðanda.

Magntölur og uppgjör:

Greitt er einingarverð fyrir hvern metra af kaldavatnsröri úr plasti eftir sverleika. Innifalið í einingarverði skal vera allur kostnaður við efniskaup, vinnu og tæki sem þarf til að ljúka verkliðnum, m.a. suður á plaströrum, allar samsetningar, niðurlögn og útskolun.

1.3.5 Brunahanar

Verktaki skal ganga frá brunahana samkvæmt staðalsniðum.

Brunahanar þeir sem settir verða upp, eru með sjálftæmingu og skal verktaki setja minnst hálfan rúmmetra af 20–40 mm drenmöl undir og umhverfis neðri hluta brunahanans. Yfir drenmölina og undir brunahanaendann skal setja jarðvegsdúk áður en fyllt er að brunahananum með fingerðara efni. Brunahaninn skal standa á ásetuhellu og vera lóðréttur, og sá frágangur samþykktur af eftirlitsmanni. Enn fremur skal tryggja að brunahani sé lóðréttur áður en gengið er frá yfirborði. Brunahani skal vera samþykktur af eftirlitsmanni áður en gengið er frá yfirborði. Brunahani sem hallar meira en 1° frá lóðréttu verður grafinn upp og lagfærður á kostnað verktaka. Brunahana skal hæðarsetja þannig að brotflangs sé 50–100 mm yfir endanlegu yfirborði, sjá leiðbeinandi staðalsnið LAV-460. Í flestum tilfellum er þá um 1350 mm ofan á ásetuhellu frá endanlegu yfirborði. Flangstenging við brunahana skal vera soðin með rafsúðumúffu.

Magntölur og uppgjör:

Greitt er ákveðið einingarverð fyrir hvern brunahana. Innifalið í einingarverði skal vera allur kostnaður við efni, vinnu og tæki sem þarf til að ljúka verkliðnum, m.a. viðbótar jarðvinna, lekaprófun, og uppsetning brunahanans.

1.3.6 Þrýstiprófun

Verktaki skal þrýstiprófa lagnir undir umsjón eftirlitmanns. Áfangaskipting skal ákveðin í samráði við umsjónarmann verkkaupa. Verktaki skal gera umsjónarmanni verkkaupa grein fyrir áætlunum um þrýstiprófanir og þeim ráðstöfunum sem gera þarf vegna þeirra minnst 3 dögum áður en þrýstiprófun er fyrirhuguð.

Ávallt skal miðað við að þrýstingur sé mældur við þann enda lagnar sem liggur lægra í landi.

Setja skal þrýstimæli á lögnina sem á að þrýstiprófa. Þegar lögn hefur staðið með þrýstingi í fjórar klukkustundir, skulu verktaki og eftirlitsmaður skoða allar samsetningar á lögn og ganga úr skugga um að hvergi leki. Ef enga tengingu við virkt kerfi er að finna skal setja a.m.k. 6 bar þrýsting á lagnir.

Verktaki skal útvega vatn til prófunar og allan búnað til að ná upp og viðhalda þrýstingi við þrýstiprófanir. Verktaki skal tryggja að í lagnakerfinu sé hvergi innilokað loft sem getur haft áhrif á þrýstiprófunina.

Komi fram leki í kerfinu skal verktaki lagfæra það sem er ábótavant í samráði við eftirlitsmann og endurtaka þrýstiprófun.

Magntölur og uppgjör:



Greitt er einingarverð fyrir fjölda þrýstiprófunar. Innifalið í einingarverði skal vera allur kostnaður við þrýstiprófun, vinna og tæki.

1.4 Tímavinna

1.4.1 Tímavinna

Í þessum verklíðum er miðað við ákveðinn fjölda tíma í aukaverkum og skal verktaki gefa einingarverð í tímana sem eru sundurliðaðir í tilboðsskrá. Tímagjald skal vera óháð eyktum og hvenær sólarhrings unnið er og með öllum sköttum og gjöldum. Allur ferða- og fæðiskostnaður skal vera innifalinn í tímagjaldi svo og umsjón og verkstjórn. Miðað er við unninn tíma á svæðinu.

Tímavinna verkamanns

Magn: klst.

Innifalið skal vera öll gjöld sem fylgja útseldri vinnu verkamanns

Tímavinna iðnaðarmanns

Magn: klst.

Innifalið skal vera öll gjöld sem fylgja útseldri vinnu iðnaðarmanns